

A photograph of a child sitting on a green carpet, reading an open book. The child is wearing a grey sweater and blue and white checkered pants. The book's left page contains Icelandic text, and the right page features a colorful illustration of a red vintage car with a yellow triangular warning sign on its front. In the top left corner of the image, there is a small blue square logo with white wavy lines.

Brunabíllinn býtur af stað, og það heyrir
hátt í vélinni. Þalli heldur fast utan um stíra.
Hann er ekki víund hræddur. Honum þykir bara
gaman.
Hann getur varla náð beygjunum við götuhéna.
in Hann ekur varla um allan bæinn en það er hvernig
Svo ekur hann um allan bæinn en það er hvernig
Kvíknaði. Og að lokum stansar brunabíllinn af
sjálfu sér.
Brenniból er búið.

Ársskýrsla

Reykjavíkurborgar í barnavernd

2024



Reykjavík



ÁRSSKÝRSLA REYKJAVÍKURBORGAR Í BARNAVERND 2024

Ábyrgðaraðili:

Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri

Barnavernd Reykjavíkur

Ármúla 4

108 Reykjavík

411-9200

barnavernd@reykjavik.is

Hönnun & umbrot: NØR Station / www.norstation.com

EFNISYFIRLIT

1 / Um barnavernd Reykjavíkur	4
2 / Framkvæmdaáætlun í barnavernd 2024 til 2027	6
3 / Tölfræði ársins 2024	8
4 / Teymin	11
5 / Fjölskyldu- og vistheimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur	21
6 / Stoðþjónusta	24

Þessi skýrsla er með krækjum/hlekkjum.

Efnisyfirlitið flytur þig á viðeigandi kafla.

🏠 Húsið flytur þig aftur í efnisyfirlitið.



#1

**Um Barnavernd
Reykjavíkur 2024**



Nú kemur ársskýrsla Barnaverndar Reykjavíkur út í fjórða sinn. Hér er að finna helstu upplýsingar um daglega starfsemi, rætt um helstu verkefni og tölulega upplýsingar birtar. Barnavernd Reykjavíkur tilheyrir velferðarsviði Reykjavíkurborgar og heyrir almenn stjórnarsýsla undir Velferðarráð en úrskurðarvald í einstökum málum hvílir hjá Umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur sem tók til starfa 1. janúar árið 2023. Nánar verður fjallað um Umdæmisráð í kaflanum um störf lögfræðiteymis Barnaverndar Reykjavíkur.

Hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur er að aðstoða börn og fjölskyldur í alvarlegum vanda til að tryggja velferð og öryggi þeirra samkvæmt barnaverndarlögum nr.80/2002. Þetta er gert með því að veita stuðning og ráðgjöf með fjölbreyttum og faglegum lausnum og úrræðum.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa um 60 manns í 58 stöðugildum. Starfsemin skiptist upp í fimm teymi með ólíka sérhæfingu þar sem málavinnsla fer fram. Að auki gegna stöðþjónustuteymin stóru hlutverki en þau eru lögfræðiteymi, sálfræðiteymi,

rekstrar- og þjónustuteymi og eftirlitsteymi. Nánar verður fjallað um hvert teymi fyrir sig síðar í ársskýrslunni. Einnig er fjallað um fjölskyldu- og vistheimili á okkar vegum enda gegna þau mikilvægu hlutverki.

Barnavernd Reykjavíkur er stýrt af framkvæmdastjórn. Frá árinu 2021 hefur verið lagt upp með að framkvæmdastjórn sé skipuð bæði félagsráðgjafa og lögfræðingi. Árið 2024 var gert nýtt skipurit fyrir stofnunina.

Heildarkostnaður af rekstri Barnaverndar Reykjavíkur árið 2024 var 4.910.609 kr., en fjárhagsramminn var 3.380.520 kr. Frávik í rekstri voru því 1.530.107 kr. yfir áætlun. Meginskýring þessara frávika í rekstri er líkt og fyrri ár kostnaður af vistun barna utan heimilis sem felst í greiðslum til fösturforeldra eða vistunaraðila og þá einkum til einkaúrræða sem tekið hafa að sér vistanir barna með fjölþættan vanda. Umræða um úrræðaleyfi í málefnum þessara barna er vel þekkt og þörf á endurskoðun varðandi það hvernig þessum börnum er mætt er einnig vel þekkt.





#2

Framkvæmdaáætlun
2024 til 2027



Í Reykjavík var ný framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2024 til 2027 samþykkt í Borgarráði 19. nóvember. Þar gefur að líta metnaðarfulla sóknaráætlun til ofangreindra ára sem sett er fram í fjórum meginmarkmiðum:

- Barnavernd Reykjavíkur er skilvirk og vandvirk stofnun með öfluggu innra starfi.
- Barnavernd Reykjavíkur sýnir ráðdeild og hagkvæmni í rekstri og fjármálum.
- Barnavernd Reykjavíkur og verkefnið Betri borg fyrir börn eru í öfluggu samstarfi um farsæld barna og samþættingu í þeirra málum.
- Barnavernd Reykjavíkur nýtur trúverðugleika og trausts hjá borgarbúum.


Tilgangur framkvæmdaáætlunar í barnavernd er að stuðla að vönduðum vinnu- brögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Þessi áætlun brúar bil á milli núverandi stöðu og framtíðarsýnar stofnunarinnar með skýrum og mælanlegum markmiðum. Sett hafa verið fram skýr undirmarkmið tengd þeim meginmarkmiðum sem sjást hér að ofan. Þessi markmið eru raunhæf og tímasett og leggur framkvæmda- stjórn Barnaverndar Reykjavíkur áherslu á þessa eftirfylgni í öllum sínum verkefnum.

Á árinu hóf Barna- og fjölskyldustofa undirbúning á innleiðslu á verklaginu Merki um öryggi. Gert er ráð fyrir heildrænni innleiðingu á þessu verklagi í þjónustu við börn og fjölskyldur á landsvísu. Þetta er meðal þeirra verkefna sem stjórnvöld settu á oddinn í framkvæmdaáætlun ríkisins á sviði barnaverndar fyrir árin 2023 til 2027. Þessi aðferð var þróuð í Ástralíu á tíunda áratugnum og hefur undafarin ár verið innleidd í fjöl- mörgum löndum sem við berum okkur saman við.

Um er að ræða gagnreynda hugmyndafræði í barnavernd og félagsþjónustu sem

býður upp á samræmt verklag og verkfæri til að vinna með börnum, foreldrum og tengslaneti þeirra. Lögð er áhersla á samstarf við börn, fjölskyldur og tengslanet á öllum stigum máls, án þess að missa sjónar af öryggi barns. Aðferðin miðar að því að gera barnaverndarsamstarf skiljanlegt, árangursríkt og miða að varanlegum lausnum fyrir börn og fjölskyldur.

Markmiðið er að barnaverndarstarf á Íslandi verði unnið með kerfisbundnari og markvissari hætti. Jafnframt mun innleiðingin auka gæði starfsins og tryggja að mann- réttindi fólks séu virt og auka þátttöku barna í málum er þau varða.





#3


Tölfræði ársins
2024



Tölfræði


Árið 2024 bárust 6.167 tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur. Árið áður var heildarfjöldi tilkynninga 5.457. Þetta er um 13% aukning milli ára og varða um 7,7% þeirra barna sem búa í Reykjavík. (mynd 1)

FJÖLDI TILKYNNINGA



Mynd 1

FJÖLDI TILKYNNINGA OG FJÖLDI BARNA




Mynd 2

Þessar 6.167 tilkynningar varða alls 2.355 börn, 1.396 drengi, 1.176 stúlkur og 29 ófædd börn. (mynd 2)

Í tilvikum 1.361 einstaklinga var ákveðið að hefja könnun eða þá að vinnsla málefna þeirra var þegar í gangi. Í tilvikum 1.246 barna var ekki þörf á afskiptum á grundvelli barnaverndarlaga og málum þeirra því lokað með bréfi og leiðbeint um önnur úrræði. Við innleiðingu farsældarlaga og verklagið Betri borg fyrir börn hafa vonir staðið til að tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur fækkaði, en þessar tölur sýna að svo stöddu ekki fram á þá þróun. Hins vegar sýnir okkar tölfræði fram á þá þróun að þrátt fyrir fjölgun tilkynninga þá eru færri mál tekin til vinnslu. (mynd 3)

ÁHÆTTUHEGÐUN BARNA – FJÖLDI TILKYNNINGA




Mynd 3



Með innleiðslu farsældarlagana og verklaginu Betri borg fyrir börn hefur verið lögð áhersla á að styrkja þjónustu á 1. stigi, í nærumhverfi barns og fjölskyldu, í skólum, leikskólum og í heilsugæslu. Dugi úrræði þar ekki til þess að mæta þörfum viðkomandi þá koma til úrræði á 2. stigi og er þá einkum um að ræða þjónustu miðstöðva borgarinnar þar sem starfar öflugt fagfólk í málefnum barna og fjölskyldna.

Ef horft er til flokkunar tilkynninga þá er hún í samræmi við tölur síðasta árs. Hlutfallslega skiptast tilkynningar með svipuðum hætti á milli flokka samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd sem að Barna- og fjölskyldustofa gefur út. Þessi tölfræði er liður í mikilvægri gagnasöfnun til þess að fylgjast með þróun í málaflokknum og er samræmd fyrir allt landið. (mynd 4)

FLOKKUN TILKYNNINGA 2023



Mynd 4

Loks ber að nefna að sé horft til þeirra aðila sem að tilkynna til Barnaverndar Reykjavíkur þá bárust líkt og fyrri ár langflestar tilkynningar frá lögreglu eða 2.338. Þar á eftir koma tilkynningar frá heilbrigðiskerfi, alls 748. Skólar og leikskólar sendu alls 1.029 tilkynningar árið 2024 og Miðstöðvar borgarinnar sendu alls 366 tilkynningar.





#4 Teymin



Bráða- og viðbragðsteymi Barnaverndar var stofnað haustið 2019. Um er að ræða sérhæft teymi sem sinnir aðkallandi málum þar sem grunur leikur á að barn gæti verið í hættu. Markmið teymisins er að bregðast hratt og faglega við þegar grípa þarf tafarlaust inn í aðstæður barns.

Í málum sem könnuð eru í bráða- og viðbragðsteyminu eru lagt mat á aðstæður barns og fjölskyldu og teknar ákvarðanir um hvort og hvaða úrræði skuli beita. Ef matið leiðir í ljós að barn og forsjáraðilar séu í þörf fyrir stuðning er ávallt reynt að beita vægari úrræðum með stuðningi í nærumhverfi barnsins. Fjölskyldum er þá fylgt í stuðning á miðstöð sé samstarf til staðar. Sé barn í bráðri hættu getur teymið gripið til neyðarúrræða, s.s. að vista barn tímabundið utan heimilis. Þá fylgir frekara mat og eftirfylgd, sem annað hvort teymið sjálft eða önnur eining innan Barnaverndar Reykjavíkur annast áfram.

Önnur verkefni teymisins er að rýna allar nýjar tilkynningar sem berast á degi hverjum í þeim tilgangi að meta alvarleika þeirra. Í sumum málum þarf að bregðast fljótt við vegna alvarleika þeirra tilkynninga sem berast. Dæmi um mál sem þola ekki bið eru útköll á borð við heimilisofbeldi, skýrslutökur barna hjá lögreglunni eða í Barnahúsi og tilkynningar vegna ofbeldis gegn börnum, vanrækslu eða alvarlegrar áhættuhegðunar barna. Þá sinnir bráða- og viðbragðsteymið einnig málum þar sem grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi og kemur þeim málum í viðeigandi farveg. Starfandi er símað sem veitir fagaðilum og almenningi ráðleggingar á skrifstofutíma.

Bráða- og viðbragðsteymið vinnur náið með lögreglu, miðstöðvum Reykjavíkurborgar, heilbrigðisþjónustu, skólum, leikskólum og öðrum viðkomandi aðilum. Undanfarin ár hefur verið markvisst unnið að því að efla samstarf við lykilstofnanir á borð við félagsþjónustu (Miðstöðvar í Reykjavík) og lögregluna í takt við farsældarlögin og í dag funda fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur mánaðarlega með félagsþjónustu og lögreglunni. Þá hefur einnig nýlega verið aukið samstarf við Flotann, sem er flakkandi félagsmiðstöð. Tilgangur Flotans er að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi ungmenna. Með auknu samstarfi Barnaverndar Reykjavíkur og Flotans hefur verið unnt að staðsetja ungmenni í miklum vanda með það að markmiði að koma málum þeirra í skjótan farveg innan Barnaverndar Reykjavíkur.

Talsverð fjölgun hefur orðið á bráðamálum milli ára en árið 2023 var farið í alls 475 bráðamál, eða í rúmlega 37 mál á mánuði. Á árinu 2024 var alls farið í 518 bráðamál sem jafngildir rúmlega 43 málum á mánuði.

Bráða- og viðbragðsteymi Barnaverndar Reykjavíkur er öflug eining sem tryggir að hægt sé að bregðast hratt og faglega við þegar upp koma bráðamál. Með samvinnu við aðra þjónustuaðila og sterka faglega þekkingu gegnir teymið lykilhlutverki í barnaverndarstarfi í Reykjavík.



Meginhlutverk fósturteymis er að halda utan um málefni barna sem lúta forsjár Barnaverndar Reykjavíkur. Börnin eru flest í varanlegu fóstri en sum í tímabundnu fóstri, styrktu fóstri, vistuð skv. 84. gr. barnaverndarlaga eða búa í öðrum vistunarúrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Vistanir ungmenna á aldrinum 18–20 ára heyra einnig undir teymið en ungmennin vistast þá áfram á fósturheimilum sínum eða í öðrum úrræðum Barnaverndar eftir að þau hafa náð 18 ára aldri.

Tölfræði í lok árs 2024:

- 151 barn í varanlegu fóstri
- 5 börn í styrktu fóstri
- 8 börn í tímabundnu fóstri
- 15 börn vistuð skv. 84. gr. barnaverndarlaga (bráðavistun)
- 12 börn vistuð skv. 70. gr. barnaverndarlaga
- 5 börn í öðrum vistunarúrræðum, t.d. Ávallagata, Klettabær, Kletturinn
- 37 ungmenni vistuð 18–20 ára skv. 3. gr. barnaverndarlaga
- 163 börn sem lúta forsjá Barnaverndar Reykjavíkur í lok árs 2024

Eins og sjá má af stöðunni í lok árs er umfangsmesti hópurinn sá sem er í varanlegu fóstri og eru þau vistuð á fósturheimilum viðs vegar um landið.

Ráðgjafar fósturteymis heimsækja reglulega öll fósturbörn sem teymið sinnir. Börnunum er veittur stuðningur eftir þörfum og fylgst með að barni sé sinnt vel í fósttrinun. Þá er fósturforeldrum jafnframt veitt handleiðsla og stuðningur í því vandasama hlutverki sem fylgir því að vera fósturforeldri. Teymið heldur einnig utan um samskipti og umgengni kynforeldra og ættingja við börn í fóstri. Í langflestum tilvikum fer umgengni fram í góðu samstarfi við barn, fósturforeldra, kynforeldrar og ættingja. Umgengni fer ýmist fram á heimili fósturbarna, heimili kynforeldra eða annarra ættingja, eða í húsnæði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og þá með stuðningi og undir eftirliti starfsmanna. Umgengni getur einnig farið fram á öðrum stað sem aðilar koma sér saman um, t.d. á leiksvæði, bókasafni eða í verslunarmiðstöð.

Svipaðar áskoranir blasa við fósturteyminu árið 2024 og undanfarin ár. Lúta þær að skorti á úrræðum fyrir stálpuð börn og börn með fjölþættan vanda. Vandir og umsjá fósturbarna getur verið krefjandi og áskoranir reynst of miklar fyrir fósturheimili að takast á við og getur þá orðið fósturrof. Ráðgjafar fósturteymis sinna umfangsmiklu starfi í að styðja við fósturforeldra sem eru með börn með þunga umsjá í fóstri.



Handleiðsla og persónulegur stuðningur býðst fósturforeldrum bæði innan og utan heimilis. Ráðgjafar reyna að koma til móts við fósturheimilin með öllum tiltækum leiðum, meðal annars hvíldardvöl fyrir börnin utan heimilis. Hér skortir verulega á úrræði og stofnanir sem geta tekið við börnum í þessari stöðu í bráðatilvikum og til að veita sérhæfða meðferð. Þá er brýnt á að koma á úrræði fyrir börn á aldrinum 16–20 ára sem lenda í fósturrofi, eiga ekki nákominn að og geta ekki farið á annað fósturheimili. Slíkt úrræði væri til að styðja ungmennin til sjálfstæðrar búsetu með ráðgjöf, eftirliti og öryggi.

Ein helsta áskorun sem fósturteymið hefur glímt við undanfarin ár tengist forsjáskráningu í Þjóðskrá en það getur verið kerfislega flókið fyrir barn að sækja réttindi sín einfaldlega vegna þess að þau lúta forsjá stofnunar. Sem dæmi má nefna að þau börn sem lúta forsjá barnaverndar og eru ekki með íslenskt ríkisfang eða vegabréf eiga ekki greiða leið að því að sækja um slíkt. Á árinu 2024 urðu miklar tafir á veitingu ríkisborgararéttar í gegnum Alþingi en í sumum tilfellum er það eina leiðin fyrir börn með erlent ríkisfang að fá íslenskt ríkisfang þrátt fyrir að búið sé að taka ákvörðun um að þau verði í umsjá barnaverndaryfirvalda og vistuð í fóstri til 18 ára aldurs þeirra. Ráðgjafar fósturteymis og stjórnendur Barnaverndar Reykjavíkur hafa ítrekað bent á stöðu fósturbarna sem eru í þessum hópi og átt samtöl við opinberar stofnanir sem koma að þessum málum, ráðuneyti og alþingismenn. Ráðgjafar fósturteymis munu áfram benda á fósturbörn sem hagsmunahóp þegar kemur að því að taka ákvarðanir sem varða þau.

Starfsfólk teymisins er duglegt að sækja fræðslu sem tengist barnavernd, fósturbörnum og farsæld barna. Auk þess hefur teymið haft frumkvæði af samstarfsfundum við aðila sem tengjast málefnum fósturbarna.







KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA

Deildarstjóri: Elísabet Gunnarsdóttir
5 félagsráðgjafar og 1 ráðgjafi

Meginhlutverk teymisins er að þróa sérþekkingu í könnunar- og meðferðarmálum barna af erlendum uppruna, auk heimilisofbeldismála og mála þar sem grunur leikur á líkamlegu ofbeldi gegn börnum.

Á árinu 2024 voru alls 208 málum úthlutað til teymisins, þar af tveimur sem vörðuðu beiðni um úttekt á aðstæðum umsækjanda um leyfi til að reka vistheimili, samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga. Hin 206 málin vörðuðu börn sem grunur lék á að byggju við misbrest í uppeldi. Talin var þörf á könnun á aðstæðum barnanna og frekara mati á þörf fyrir úrræði á grundvelli barnaverndarlaga.

Tæplega 90% málanna vörðuðu börn af erlendum uppruna, en rúmlega 10% börn af íslenskum uppruna. Starfsfólk teymisins leggur ríka áherslu á að tileinka sér menn-

ingarnæmni, sem felur í sér aukinn skilning, virðingu og næmni fyrir víddum margbreytileikans.

Flest málin voru tilkynnt til Barnaverndar vegna gruns um vanrækslu, rúmlega 35%. Um 27% mála voru tilkynnt vegna gruns um líkamlegt ofbeldi og 25% vegna þess að barn hafði orðið vitni að heimilisofbeldi. Um 6% mála tengdust tilkynningum um áhættuhegðun og þrjú mál vörðuðu fylgdarlaus börn.

Af börnum af erlendum uppruna voru flest af pólskum uppruna (29 börn), en einnig voru mörg mál sem vörðuðu börn af rúmenskum (22), víetnömskum (16), íröskum (11), úkraínskum (10).

UPPRUNI ÞEIRRA BARNA SEM KOMU TIL ÚTHLUTUNAR Í TEYMINU ÁRIÐ 2024

Upprunaland	Fjöldi mála	Hlutfallslegur fjöldi mála
Pólland	29	14%
Rúmenía	22	11%
Ísland	20	10%
Víetnam	16	8%
Írak	11	5%
Úkraína	10	5%
Sómalía	8	4%
Filippseyjar	8	4%
Afganistan	7	3%
Litháen	7	3%
24 önnur upprunalönd	68	33%

Tafla 1



Mál alls 17 barna voru lögð fyrir Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur með tillögu um vistun utan heimilis og/eða beitingu úrræða án samþykkis foreldra. Í 12 af þessum málum var kveðinn upp dómur hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mál barna af erlendum uppruna geta reynst flókin í vinnslu hjá barnavernd. Ein ástæða þess er að fjölskyldur þeirra búa oft ekki að sterku stuðningsneti hér á landi, sem getur skapað vandamál þegar nauðsynlegt er að vista börn tímabundið utan heimilis. Í slíkum tilfellum hefur starfsfólk Barnaverndar ekki haft möguleika á að leita eftir stuðningi frá ættingjum barnsins, eins og oft er gert þegar um börn af íslenskum uppruna er að ræða.

Starfsfólk Barnaverndar hefur bent á skort á fósturfjölskyldum af erlendum uppruna, og hefur það verið rætt við starfsfólk Barna- og fjölskyldustofu. Það er afar mikil-

vægt að börn geti vistast á heimilum þar sem menningarbakgrunnur þeirra er virtur og skilinn, enda getur slíkt skipt miklu máli fyrir vellíðan og sjálfsmynd barnsins.

Áhrif laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna höfðu veruleg áhrif á starfsemi teymisins árið 2024. Starfsfólk lagði í auknum mæli til að mál væru unnin á grundvelli samþættingar, í samræmi við ný lög og áherslur. Mál barna af erlendum uppruna fela oft í sér aukna þörf fyrir samvinnu allra sem koma að þjónustu við börnin og foreldra þeirra. Mikilvægt er að veita þörfum barnsins sérstaka athygli, enda er oft um að ræða flókin mál þar sem mismunandi menningarheimar og bakgrunnur spila stórt hlutverk.



Á árinu 2024 stóð Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna (KOMY) frammi fyrir fjölmörgum flóknum og krefjandi málum sem endurspeglar breyttar þarfir barna og fjölskyldna í íslensku samfélagi.

Í teyminu starfa níu starfsmenn, þar af sex félagsráðgjafar og þrír ráðgjafar með fjölbreytta reynslu og sérþekkingu á málefnum barna og fjölskyldna. Deildarstjóri teymisins er Laufey Þorvaldsdóttir félagsráðgjafi. Auk þess er lögfræðingur barnaverndar ráðgefandi í málum teymisins og sálfræðingur sem kemur að vinnu með foreldrum, börnum og vistunaraðilum.

Helstu verkefni KOMY snúa að því að kanna mál og taka afstöðu til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir að könnun lokinni. Málum er ýmist lokað í kjölfar könnunar eða gerð er áætlun um meðferð máls þar sem unnið er með þann vanda sem er sýnilegur í gögnum málsins.

Starfsfólk KOMY veitir þunguðum konum, foreldum og börnum viðeigandi stuðning og er í samvinnu við nærumhverfi fjölskyldunnar, helstu fagaðila og stofnanir. Auk þess hittir starfsfólk teymisins foreldra og börn reglulega og veita ráðgjöf og leiðbeiningar. Á árinu var teyminu úthlutað 178 málum og að jafnaði eru 150 til 160 mál til könnunar og meðferðar í teyminu hverju sinni. Stærsti hluti málanna eru meðferðarmál.

Um 50 tímabundnar vistanir eru í teyminu hverju sinni og í flestum tilfellum er um vistun að ræða hjá hinu foreldrinu eða ættingjum. Starfsfólk teymisins heldur m.a. utan um vistanir barna, veitir stuðning og skipuleggja umgengni auk þess að taka út aðstæður vistunaraðila. Mikilvægt er að hafa reglulega umgengni á tímabili vistunar sem er annaðhvort undir eftirliti vegna vímuefna- og/eða geðræns vanda foreldra eða án eftirlits á heimili barna ýmist með eða án stuðnings.

Hlutverk teymisins er að fara með vistunarmál, sem ekki næst sátt um, fyrir Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur og fylgja þeim eftir í samvinnu við Borgarlögmann fyrir dómstólum. Starfsfólk teymisins þarf reglulega að mæta sem fagvitni fyrir dómstóla fyrir hönd Barnaverndar Reykjavíkur.

Eitt af því sem vakti sérstaka athygli á árinu 2024 var veruleg fjölgun tilkynninga vegna þungaðra kvenna sem glíma við alvarlegan geðrænan vanda og/eða fíknivanda. Alls bárust 77 tilkynningar árið 2024 sem er aukning upp á 54% frá árinu 2023. Í fyrsta sinn eftir breytingu laganna frá árinu 2021 reyndi á sjálfræðissviptingu fyrir dómstólum hjá þungaðri konu til að tryggja heilsu og líf ófædds barns.

Áskoranir starfsmanna teymisins eru margvíslegar með vaxandi vanda fjölskyldna og aukinni kröfu um skrifræði sem veldur álagi á starfsfólk í teyminu.

Aukin fjöldi mála þar sem foreldrar glíma við alvarlegan geðvanda reyndust sérstaklega flókin og langvinn. Auk þess bendir margt til þess að vandi barna hafi farið



vaxandi sem birtist í aukningu á styrktu fóstri innan teymisins. Allt krefst þetta mikillar vinnu og staðfestu starfsfólks teymisins til þess að mæta vanda fjölskyldna með viðeigandi úrræðum sem eru oft og tíðum af skorum skammti. Auk þess hefur innleiðing á samþættingu í þágu farsældar barna haft áhrif á starfið í KOMY með auknu álagi sem birtist m.a. í aukinni fundarsetu og skrifræði. Vonir standa til að með tímanum muni það komast í jafnvægi.

Vistheimilið Mánaberg, eitt af þeim úrræðum starfsfólk KOMY nýtir oft til að leita leiða til að mæta fjölskyldum, var oft yfirfullt á árinu. Í sumum af þessum tilvikum var leitað til fyrirtækisins Ylfu. Um er að ræða einkaúrræði sem veitir einstaklingsmiðaða þjónustu á heimilum. Í sumum tilvikum þurfti að semja um að þjónustan væri veitt í margar klukkustundir á sólarhring, jafnvel allan vökutíma barnanna.

Starfsfólk KOMY stendur hverju sinni frammi fyrir áskorunum við að tryggja viðeigandi þjónustu. Nauðsyn er að efla og fjölga plássum á Mánabergi fyrir fjölskyldur í viðkvæmri stöðu.





Markmið teymis er að sinna málefnum barna frá 13 til 18 ára aldurs sem eiga við vanda að glíma og skapa sérþekkingu í málefnum barna- og unglunga. Meðferðarteymi eldri barna sinnir börnum og unglingum sem glíma við alvarlegan vanda, einkum tengdan:

- vímuefnaneyslu
- hegðunarerfiðleikum og fjölþættum vanda
- áhættuhegðun
- andlegri vanlíðan

Helstu verkefni eru að kanna tilkynningar sem berast í málum barna og afla upplýsinga frá helstu aðilum sem hafa aðkomu að barninu, fá heildarsýn yfir stöðu barns og gera út frá því áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. barnaverndarlaga, sækja um úrræði til handa fjölskyldunni og veita ráðgjöf og stuðning.

Talsvert álag hefur verið í teyminu en aukning hefur verið í tilkynningum vegna barna í áhættuhegðun og ofbeldi barna. Biðtími inn í teymið getur verið allt að 6

mánuðir þótt reynt sé að fara inn í málefni barna talsvert fyrr ef þurfa þykir vegna alvarleika mála. Einnig eru til vinnslu mál barna á aldrinum 18–20 ára sem kjósa að dvelja áfram í úrræðum og vistun á vegum barnaverndar eftir 18 ára aldur.

Tilkynningar berast til Barnaverndar vegna málefna barna frá ólíkum aðilum. Má þar nefna lögreglu, skóla, heilsugæslu, foreldra og ættingja, heilbrigðisstofnanir og félagsmiðstöðvar. Tilkynningar varða vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna.

Árið 2024 var teyminu úthlutað 99 málum. Hver starfsmaður er með ábyrgð á 22–25 málum. Að jafnaði eru 110 til 125 mál til vinnslu í teyminu.

Aukinn tilkynningafjöldi í málum barna með áhættuhegðun undirstrikar þörf fyrir samfellda og góða þjónustu við börn á þessum aldri og aukin úrræði ásamt því að styrkja teymið með auknum starfsmannafjölda. Það sést berlega þegar tölfræði ársins 2024 er skoðuð:

Áhættuhegðun barna

- 34% allra tilkynninga til Barnaverndar á fyrstu sex mánuðum ársins 2024 voru vegna áhættuhegðunar.
- Tilkynningum um áhættuhegðun fjölgaði um 17,6% miðað við sama tímabil árið áður.
- 96,2% aukning var í tilkynningum um neyslu áfengis og vímuefna (úr 312 í 612 tilkynningar).
- 44,6% aukning í tilkynningum um að börn komi sér undan forráðamanna eða virði ekki reglur um útivistartíma.
- 24,4% aukning í tilkynningum um að börn beiti ofbeldi.

Nú er unnið að því markvisst að innleiða samþættingu um farsæld barna skv. lögum nr. 86/2021. Það er til að tryggja að börn fái samfelldan stuðning og að fagaðilar og aðrir sem koma að málefnum barns vinni saman og tryggður sé stuðningur fyrir barn og fjölskyldu þess. Áfram verður unnið að því að öll mál séu í samþættingu skv. farsældarlögum.



Lögð hefur verið áhersla á að koma málefnum fatlaðra barna og barna með fjölþættan vanda í farveg til að tryggja samfellu í þjónustu við börnin eftir 18 ára aldur í samvinnu við Þjónustumiðstöðvar og að þau börn fái þjónustu við hæfi í nærumhverfi þegar möguleiki er. Markmið síðasta árs var því að stefna að því við 17 ára aldur yrði gerð yfirfærsluáætlun til Þjónustumiðstöðva í samvinnu við Barnavernd til að bæta þá þjónustu og skapa samfellu í þjónustu við þessi börn og finna stuðning og úrræði við hæfi hvers og eins þannig að við 18 ára skapist ekki tómarúm þar sem ekkert er til staðar í formi ráðgjafar eða stuðnings.

Helstu áskoranir í meðferðarteymi eldri barna eru mikill skortur á sértækum meðferðarheimilum fyrir börn með alvarlegan geð-, þroska- og hegðunarvanda. Langur biðtími á BUGL og takmörkuð innlagnargeta spítalans fyrir börn með mótþróa- eða ofbeldishegðun veldur því að börn sem ættu að vera í heilbrigðiskerfinu lenda í barnaverndarúrræðum sem eru ekki hönnuð fyrir slíkan vanda.

Einnig er skortur á styrktu fóstri og fósturheimilum sem geta tekið við börnum með flókin vandamál, sérstaklega heimili sem eru tilbúin til að taka að sér börn sem hafa upplifað ítrekuð áföll og tengslarof.

Ungmenni sem útskrifast úr meðferðarúrræðum fá oft takmarkaðan stuðning í kjölfarið. Þörf er á kerfisbundinni eftirfylgni og úrræðum sem ná yfir í fullorðinsár.

Aukin krafa er frá samstarfsstofnunum um einkaúrræði eins og Klettabæ þar sem skortur er á úrræðum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að bæta úrræði á vegum ríkis og borgar. Sú staða sem hefur verið í búsetu- og meðferðarmálum barna með fjölþættan vanda er með öllu óviðunandi og þarf að vinna hratt og vel að lausnum þar. Einnig þarf að efla meðferðarúrræði fyrir börn með vímu- og hegðunarvanda.

Þessar áskoranir kalla á samhæfingu milli kerfa, aukna fjármögnun, fjölbreyttari úrræði og betri tengingu við heilbrigðiskerfið. Einnig eykur þessi staða álag á starfsfólk.





#5

Fjölskyldu- og vistheimili
á vegum Barnaverndar
Reykjavíkur



MÁNABERG

/ Fjölskylduheimili, 7 pláss, börn 0–13 ára og foreldrar
/ 50 einstaklingur dvöldu í Mánabergi 2024 í samtals 3097 nætur
/ Nýting 115%
/ Forstöðumaður: Hulda L. Blöndal Magnúsdóttir

Heimilið **Mánaberg** var stofnað fyrir um þremur áratugum. Á þeim tíma dvöldu börnin þar ein en með þeirri þróun sem átt hefur sér stað í barnaverndarstarfi frá stofnun Mánabergs, og aukinni áherslu á að styrkja foreldra í hlutverki sínu og leita allra leiða til þess að halda fjölskyldum saman, hefur starfsemin þróast og breyst. Í dag er hlutverk Mánabergs tvíþætt:

- Neyðarheimili fyrir börn sem ekki geta dvalið heima til styttri tíma
- Heimili þar sem fram fer leiðbeiningar- og greiningarvístun fyrir fjölskyldur

Í allri meðferðarvinnu á Mánabergi er áhersla á virðingu og stuðning. Ætíð er reynt að mynda meðferðarsamband við þau sem þar dvelja og vinna úr frá styrkleikum viðkomandi.

Solihull aðferðarfræðin er leiðarljós í allri vinnu á Mánabergi. Þessi aðferð felur í sér markvissar aðgerðir til að efla geðheilsu, koma í veg fyrir geðraskanir og styðja við vellíðan einstaklinga. Í starfi með börnum og ungmennum beinist fyrirbyggjandi nálgun að því að styrkja tengslamyndun, félagsfærni, tilfinningastjórnun og öruggt uppeldisumhverfi. Solihull aðferðin byggir á kenningum úr sálgreiningu, þroskasálfræði og atferlisfræði, og miðar að því að efla tengsl barna og foreldra og styrkja hæfni fagfólks til að mæta þörfum fjölskyldunnar.

Síðustu ár hefur verið unnið að því að finna Mánabergi húsnaði sem hentar starfseminni betur. Líkt og kom fram fyrr í ársskýrslunni er núverandi húsnaði löngu orðið of lítið og hentar starfseminni ekki nægilega vel. Til stendur að byggja nýtt sérhannað húsnaði á næstu árum fyrir þessa mikilvægu starfsemi. Ljóst er að sú framkvæmd tekur tíma og því er unnið að því að koma Mánabergi í bráða- birgðahúsnaði sem hentar starfseminni betur á meðan á byggingu stendur.





KLETTURINN

/ Skammtímaþúseta ungmenna

/ Nýting 100%

/ Forstöðumaður: Sigurbjörg Kristjánsdóttir

/ Deildarstjóri: Anna Lís Ríkharðsdóttir

Hlutverk **Klettsins** er að veita ungmennum sem þangað koma umönnun og þúsetu tímabundið. Úrræði er rekið af Klettabæ með þjónustusamningi. Almennt eru þar tveir starfsmenn á hverri vakt. Í upphafi eru sett markmið með ráðgjafa málsins út frá þörfum þeirra sem þar dvelja hverju sinni. Þessi markmið fela oftast í sér að hvetja ungmennin til virkni, sinna námi eða stunda atvinnu við hæfi, aðstoða við athafnir daglegs lífs, sýna stuðning og hvetja þau áfram.

Árið 2024 dvöldu 17 ungmenni í Klettinum. Meðallengd dvalar var 104 nætur en lengsti dvalartíminn var 422 nætur og sá stýðsta ein nótt. Um var að ræða fimm stráka og tólf stúlkur. Flest þeirra eru fædd árið 2008 eða 2009, elsti íbúinn var fæddur 2006 og sá yngsti 2011.

Af þeim 17 eru tvö þar enn, sjö fóru aftur til foreldra og fimm í fóstur. Eitt ungmenni kom í Klettinn í stutta hvíld úr öðru úrræði, eitt fór í sjálfstæða þúsetu og eitt flutti erlendis.

Almennt er markmiðið að ungmennin dvelji í öruggum aðstæðum í Klettinum á meðan leitað er að varanlegri þúsetu fyrir þau.

ÁSVALLAGATA

/ Fjölskylduheimili fyrir ungmenni

/ Nýting 100%

/ Forstöðumenn: Guðbrandur Stígur Ágústsson
og Brynhildur Arthúrsdóttir

Við **Ásvallagötu** hefur Barnavernd Reykjavíkur til lengri tíma rekið fjölskylduheimili fyrir fjögur börn á aldrinum 13–18 ára. Í einhverjum tilvikum búa ungmenni þar til 20 ára aldurs. Hjón sem búsett eru á staðnum reka heimilið og sinna stuðningi við þau ungmenni sem þar búa eftir þörfum hvers og eins. Ungmennin taka þátt í heimilishaldi, fá aðstoð við að skipuleggja daglegt líf og sinna námi eða vinnu. Einnig er lagt upp með að tengsl séu við aðila í upprunafjölskyldu viðkomandi og að þau verji tíma saman. Þessi ungmenni fá stuðning út í lífið og markvisst er unnið að því að þau geti hafið sjálfstæða þúsetu að lokinni dvöl á Ásvallagötu.





#6 Stoðþjónusta




Lögfræðiteymi

*Teymisstjóri: Þyrí Steingrímsdóttur skrifstofustjóri.
Í teyminu starfa auk teymisstjóra tveir lögfræðingar og tveir deildarfulltrúar.*

Meginhlutverk lögfræðiteymis Barnaverndar Reykjavíkur er að veita ráðgjöf og aðhald á málavinnslu á grundvelli lögfræðilegrar nálgunar út frá meginreglum barnaverndarréttar og stjórnsýsluréttar. Ráðgjöf lögfræðinga er fjölbreytt og styrkir það þverfaglega starf sem unnið er hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Eitt af meginverkefnum lögfræðinga er að sitja meðferðarfundi og veita teyimum ráðgjöf við fyrirtöku mála þar og aðstoða við eftirfylgni og skjalagerð, auk þess að veita deildarstjórum og ráðgjöfum ráðgjöf í daglegri vinnslu mála. Þá veita lögfræðingar aðstoð vegna samskipta við lögmenn við vinnslu mála og sitja viðtöl með skjólstæðingum eftir þörfum.

Önnur verkefni lögfræðiteymis eru t.a.m. að sinna ráðgjöf á vikulegum úthlutunarfundum þar sem tekin er afstaða til nýrra tilkynninga, hafa umsjón með gerð verklagsreglna, skrifa minnisblöð um lögfræðileg álitaeftirni sem varða starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur, taka afstöðu til beiðna um afléttingu nafnleyndar tilkynnenda og ákvarðana um hvort leynd skuli dvalarstað fósturbarna. Einnig er það verkefni teymisins að afgreiða beiðnir um fjárstyrk vegna lögmannaáðstoðar. Þá sinna lögfræðingar umsögnum um lagafrumvörp, eru í samskiptum við ráðuneyti vegna lagabreytinga og tengdra reglugerða og taka þátt í innleiðingu farsældarlaga hjá Barnavernd Reykjavíkur.



Lögfræðiteymið fer með fyrirvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur gagnvart Umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur. Teymir sinnir yfirlestri og frágangi greinargerða til ráðsins og tekur saman gögn málsins. Lögfræðingur situr alla fundi nefndarinnar ásamt ráðgjöfum. Þá sinna lögfræðingar eftirfylgni með úrskurðum innan Barnaverndar Reykjavíkur eftir þörfum. Fari úrskurðir áfram til dóms sinnir lögfræðiteymið samskiptum við Borgarlögmenn við rekstur málsins, sem fer með fyrirvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur hjá dómstólum. Lögfræðiteymið sinnir jafnframt skriflegu fyrirvari vegna mála sem kærð eru til Úrskurðarnefndar velferðarmála og veitir umsagnir vegna mála sem kvartað er yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Umdæmisráð, dómstólar og úrskurðarnefnd velferðarmála

Árið 2024 var annað starfsár Umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur (UBR), sem tók við af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Á árinu 2024 kvað UBR upp 43 úrskurði, en árið 2023 voru kveðnir upp 51 úrskurður.

Samtals voru tekin fyrir 46 mál hjá ráðinu, en í þremur þeirra náðist samkomulag. Úrskurðað var um sömu börn oftast en einu sinni í nokkrum tilvikum og því vörðuðu málin hjá UBR samtals 51 barn. Flestir úrskurðir vörðuðu vistun utan heimilis eða 20 (39 árið 2024). Þar af voru úrskurðir um heimild til að krefjast forsjárviptingar fyrir dómi auk vistunar þrír, en fjórir úrskurðir til viðbótar voru eingöngu um að krefjast forsjárviptingar, eða samtals sjö úrskurðir, en voru tólf árið 2023.

Úrskurðir um umgengni barna við upprunafjölskyldu sína voru átta, en voru tíu árið 2023. Engu máli var vísað frá Umdæmisráði árið 2024 með úrskurði en einni endurupptöku var hafnað og var í tveimur málum tillögum Barnaverndar hafnað að hluta.

Alls var 15 málum lokið á árinu 2024 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Kveðnir voru upp tíu (8) úrskurðir um vistun barna utan heimilis og voru fimm (3) úrskurðir kærðir til Landsréttar. Engu máli var áfrýjað til Hæstaréttar. Í níu (7) málum var niðurstaða UBR staðfest en í einu (1) máli var úrskurði snúið við og kröfum Barnaverndar Reykjavíkur hafnað. Tveimur málum til viðbótar lauk með dómsátt eða foreldrar samþykktu kröfur málsins fyrir dómi. Eitt mál var fellt niður undir rekstri máls fyrir dómi. Tölur innan sviga eru frá 2023.

Kveðnir voru upp fimm dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2024 um sviptingu forsjár, sem vörðuðu málefni sex barna. Tveir dómur voru kveðnir upp í Landsrétti um forsjárviptingu, sem vörðuðu þrjú börn.

Tveir úrskurðir Umdæmisráðs um umgengni voru kærðir til Úrskurðarnefndar Vel-

ferðarmála og voru úrskurðir ráðsins staðfestir í báðum tilvikum. Þá kvað nefndin upp úrskurði í tveimur málum er vörðuðu lokun máls hjá Barnavernd Reykjavíkur, í öðru var lokun staðfest en í hinu var lokun felld úr gildi og lagt fyrir Barnavernd að taka málið til meðferðar að nýju. Þá fór einn úrskurður Umdæmisráðs vegna synjunar á endurupptöku til Úrskurðarnefndarinnar og var sú ákvörðun staðfest.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Árið 2024 bárust Barnavernd Reykjavíkur niðurstöður úr þremur (8) kvörtunarmálum frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Eitt (2) mál var með engar athugasemdir vegna málsmeðferðar. Eitt (1) mál var með niðurstöðu um misbresti við málavinnslu, en málsmeðferð metin að mestu leyti í samræmi við barnaverndarlög og því ekki ámælisverð háttsemi. Einu máli var vísað frá þar sem það uppfyllti ekki skilyrði til kvörtunar. Tölur innan sviga eru frá 2023.

Afhending gagna

Eins og áður er lýst þá sinnir lögfræðiteymið samantekt gagna vegna fyrirtöku mála hjá Umdæmisráði og jafnframt sér teymið Borgarlögmanni fyrir gögnum mála sem rekin eru fyrir dómstólum. Slík gagnasamantekt og afhending er alla jafna umfangsmikil, en unnið var að því allt árið 2024 að móta viðmiðunarreglur um framlagningu gagna hjá Umdæmisráði með það að markmiði að minnka gagnaframlagningu.

Hlutverk lögfræðiteymisins er jafnframt að afhenda gögn til allra þeirra sem þess óska, en meta þarf hverju sinni hvort lagaheimild sé fyrir afhendingunni. Á árinu 2024 bárust Barnavernd Reykjavíkur **255 beiðnir** um afhendingu gagna, en árið 2023 voru beiðnirnar 232. Í langflestum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem eru að biðja um gögn um sjálfa sig í málum sem var lokað þegar þeir náðu 18 ára aldri. Einnig biðja foreldrar eða lögmenn þeirra um gögn mála sinna og barna sinna sem eru til vinnslu eða hafa verið það.



Sálfræðingar

Tveir sálfræðingar starfa hjá Barnavernd Reykjavíkur. Þeir gegna veigamiklu hlutverki í þverfaglegri teymisvinnu og ákvarðanatöku um framvindu mála á meðferðarfundum. Þeirra hlutverk er víðtækt bæði innan stofnunarinnar og í samstarfi við aðrar stofnanir sem koma að málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Sálfræðingar meta fyrirbyggjandi upplýsingar hverju sinni út frá matstækjum sálfræðinga og fagþekkingu. Byggt er á klínískum leiðbeiningum um verklag, unnið er á kerfisbundin hátt og tekið mið af bestu þekkingu hverju sinni varðandi þá meðferð sem veitt er. Að auki er það hlutverk sálfræðingana að tryggja að klínískar leiðbeiningar séu aðgengilegar öllum sem koma að málavinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur og að þær séu uppfærðar reglulega samkvæmt nýjustu þekkingu.

Verkefni sálfræðinga hjá Barnavernd Reykjavíkur eru margþætt og fjölbreytt, þau helstu eru:

- Þátttaka á meðferðarfundum
- Þátttaka í tíu samráðsteymum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Barna- og unglingageðdeildar
- Þátttaka í verkefninu **Saman gegn ofbeldi**
- Mat á gögnum, eins og til dæmis forsjárhæfnimötum
- Handleiðsla foreldra, vistforeldra og fósturforeldra
- Viðtöl við börn og ungmenni

Ef horft er til verkefnisins Saman gegn ofbeldi þá var árið 2024 haft samband við 152 forsjáraðila eftir að upp hafði komið ofbeldistilvik á heimili þeirra og lögregla, félagsþjónusta og barnavernd kölluð til. Alls 101 af þessum forsjáraðilum þáðu

1–3 viðtöl fyrir sig og sín börn sem er um 67% af þeim sem haft var samband við. Þetta verklag hefur verið viðhaft frá árinu 2014 og hefur það sannað gildi sitt sem fyrsti stuðningur við fjölskyldur þar sem upp koma ofbeldistilvik. Samstarf Kvenna-athvarfs, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og heilsugæslunnar tryggir meðal annars að þolendur og gerendur fá þjónustu eins hratt og mögulegt er.

Eftirlit

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa fjórir starfsmenn á vöktum við eftirlit alla daga. Unnið er samkvæmt meðferðaráætlun, þar sem viðkomandi foreldri hefur samþykkt að taka á móti eftirliti á heimili sínu sér til stuðnings á ákveðnu tímabili. Einnig sinnir þetta starfsfólk eftirliti, þegar þess er þörf, þegar umgengi barna og ungmenna við fjölskyldur sínar fer fram. Eftirlit er ætíð ætlað sem stuðningur við fjölskyldur og til þess að tryggja öryggi barns og jákvæða upplifun þegar það hittir fjölskyldu sína. Önnur verkefni sem starfsfólk eftirlits tekur þátt í eru skýrslutökur ungmenna hjá lögreglu og liðsinni við bakvaktarstarfsfólk sé þess þörf.

Deildarfulltrúar

Fjórir starfsmenn gegna starfi deildarfulltrúa og heyra þeir undir deildarstjóra fjármála- og rekstrarteymis. Þessir starfsmenn sinna almennri afgreiðslu, móttöku tilkynninga og aðsendra erinda, sjá um verkefni tengd bókhaldi ásamt ýmsum öðrum verkum sem falla til á degi hverjum.

